

Arnaldur Indriðason
Grafarþögn
Vaka-Helgafell
2001

Morðingjar og myrkraverur

Er morð einhvern tímann réttlætanlegt? Hver er refsingin fyrir hægðrepanði sálarmorð? Er hægt að fyrirgefa morðingja? Þessar sígildu spurningar vakna eftir lestur nýjustu spennusögu Arnaldar Indriðasonar, Grafarþögn, og er haglega fléttað saman við spennandi og trúverðugan söguþráð.

Dularfullur beinafundur í Grafarholtinu hrindir af stað rannsókn sem leiðir ískyggilega atburði úr fortíðinni í ljós. Rannsóknarlögreglumaðurinn góðkunni, *Erlendur* (aðkomumaður og líður eins og útlendingi, sbr. bls. 40), glímir við ráðgátuna um hver hafi borið beinin á þessum stað og þarf að grafast fyrir um erfiða fortíð fjölda manns. Erlendur er eins og nýstiginn út úr breskum sakamálaþætti í sjónvarpinu og minnir mest á Taggart; hann er sjálfum sér verstur, hrjúfur og hirðulaus, reykir of mikið og borðar skyndimat en eldklár og fylginn sér þegar á slóðina er komið. Öflug tilsvör hans ergja oft geðuga aðstoðarmenn hans; hinn snyrtilega, slétta og fellda Sigurð Óla (Michael Jardin) og Elínborgu (Jackie).

Sagan er mjög fagmannlega skrifuð og fléttan þétt. Tvennum sögum fer fram í senn og ört er skipt um sjónarhorn. Fylgst með Erlendi við rannsóknina þar sem vísbendingar hrannast upp og horfið aftur í tímann til skuggalegra atburða í Reykjavík eftirstriðsáranna. Sagt er frá ömurlegu lífi fjölskyldu einnar á fimmta áratugnum og er sálarlífslýsing móður og barna, sem búa við gengdarlaust heimilisofbeldi, afar sannfærandi: „Mótþrói hennar [móðurinnar] hverfur og með mótþróanum hverfur lífsviljinn og líf hennar verður hans líf og hún er ekki lengur lifandi heldur dauð og fer um eins og myrkravera í sífelldri leit að undankomu. Undankomu undan barsmíðunum og sálarkvölinni og lífi hans vegna þess að hún lifir ekki lengur sínu lífi heldur er hún aðeins til í hatri hans“ (233). Ofbeldið á sér eins konar hliðstæðu eða framhald í söguþræði samtímans og tengist kunningjum dóttur Erlendar. Litast er um í undirheimum Reykjavíkur þar sem dópsalar, fíklar og vanrækt barn leika frekar órætt hlutverk í uppgjöri Erlendar við sjálfan sig. Meðan á rannsókninni stendur verður hann að greiða úr ýmsum sársaukafullum sálarflekjum sem tengjast fjölskyldu hans og fortíð.

Grafarþögn er vel skrifuð spennusaga, löng, efnismikil og skemmtileg aflestrar. Persónurnar eru ljóslifandi, aukapersónurnar litríkar og minnisstæðar, t.d. Skarphéðinn, fornleifafræðingurinn skölgulennti. Sögulokin eru reyndar nokkuð fyrirsjáanleg. Þar sem lesandinn fær upplýsingarnar á undan löggunni hefur hann nokkurt forskot á lausn málsins. Spennan er þess vegna ekki fólgin í því hver morðinginn er heldur hvort eða hvernig löggunni tekst að komast á sporið og hvað beri að gera þegar staðreyndirnar liggja fyrir. Þá fyrst eru öll kurl komin til grafar.

Steinunn Inga Óttarsdóttir